

ABC barnahjálp á Íslandi

**Ársreikningur
2007**

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar	3	Efnahagsreikningur	6
Áritun óháðs endurskoðanda	4	Sjóðstreymisyfirlit	8
Rekstrarreikningur	5	Sundurliðanir	9

Skýrsla og áritun stjórnar

Starfsemi ABC barnahjálpar á Íslandi var með svipuðu sniði og árið á undan. Stuðningsaðilar voru 5703 talsins í árslok og fjölgaði um 1005 á árinu. Börnum undir verndarvæng ABC fjölgaði úr 6501 barni í 9.092 börn á árinu eða um 2.591 börn.

Á Indlandi hélt uppbygging áfram á Heimili litlu ljósanna og voru tekin inn 527 börn umfram þau börn sem útskrifuðust. Settir voru á fót kvöldskólar í 30 dalítapörpum til viðbótar þeim 20 sem fyrir voru og athvarf fyrir götubörn var opnað í Chennai.

Í Úganda voru byggðar heimavistir í Rackoko fyrir um 500 börn, aðallega stúlkur. Einnig voru byggðar 5 skólastofur til viðbótar við ABC skólann í Rackoko.

Í Pakistan var byggður fjórði ABC skólinn og vegur lagður að honum auk þess sem land var keypt fyrir fimmta skólann. Einnig var keyptur skólabíll og stór landskiki fyrir heimavistir og frekari uppbyggingu skólastarfs í Pakistan.

Í Kenýa var ABC heimilið stækkað og dvöldu þar um 200 börn í árslok. Þrjú hús til viðbótar voru tekin á leigu undir starfseminu. Auk þess sinnti starfið neyðarhjálp í fátækrahverfunum eftir óeirðir í lok ársins og jók aðstoð við skólagöngu barna.

Í Líberíu var lagður vegur að landi ABC, keyptur bíll og gerður brunnur með handpumpu, landið var hreinsað og byggingarframkvæmdir hófust við heimavist stúlkna.

Í Senegal hóf ABC starf til hjálpar götubörnum og unnið var að stofnun ABC í Burkina Faso.

Á árinu 2007 voru þrír launaðir starfsmenn á skrifstofu ABC í samtals 2,5 stöðugildum og einn starfsmaður í Kenýa.

Um 30-40 sjálfboðaliðar unnu við margvíslega skrifstofuvinnu, hönnun, kvikmyndun á starfsvettvangi, myndbandagerð, pökkun og sölu jólakorta, dreifingu bæklinga, tónleikahald, auglýsingagerð, aðstoð við safnanir, endurskoðun o.fl. U.þ.b. 7000-8000 vinnustundir voru gefnar á árinu. Aðrar óbeinar gjafir á árinu sem ekki koma fram í ársreikningi voru t.d. ókeypis húsaleiga, rafmagn, hiti, pappír, prentun, skilti á hús, framköllun mynda, afnot af bíl, tryggingar, bensín og rekstrarvörur auk margs konar afsláttar af efni og þjónustu.

Vinafélag ABC barnahjálpar var stofnað 1. febrúar 2007 sem stuðningur við rekstur ABC barnahjálpar og voru starfsmenn á skrifstofu ABC settir á launaskrá hjá Vinafélaginu auk þess sem það greiddi hluta af öðrum kostnaði við rekstur ABC.

ABC barnahjálpar International var stofnuð 8. febrúar 2007 með höfuðstöðvar á Íslandi. Breyttist þá nafn ABC barnahjálpar í ABC barnahjálpar á Íslandi og ný skipulagsskrá ABC tók gildi. Framlög ABC barnahjálpar á Íslandi til hjálparstarfa erlendis eru nú send í gegnum gjaldeyrisreikning ABC barnahjálpar International merktan Íslandi.

Jafnframt stofnun ABC barnahjálpar International var stofnuð ABC barnahjálpar í Færeyjum sem fyrsta skref til útvíkkunar starfsins í gjafalöndum og síðla árs var ABC skráð í Flórída.

Fjármunir sem sendir voru til hjálparstarfa erlendis frá ABC á Íslandi jukust um 53 % frá árinu áður. Úthlutun samkvæmt skipulagsskrá til hjálparstarfa erlendis í gegnum ABC International nam 207,5 milljónum króna og skiptist þannig:

- Sent til Reach / Heimilis litlu ljósanna á Indlandi vegna framfærslu og menntunar 2500 barna á heimilinu og 1000 barna í 50 þorpsskólum Dalíta 67,3 m.kr.
- Sent til ABC barnahjálpar í Pakistan vegna skólagöngu og framfærslu 1800 barna, byggingu skóla, landaupa og vegagerðar auk kaupa á skólabíl 46,6 m.kr.
- Sent til Uganda Australia Foundation vegna skólagöngu 2500 barna í Úganda og byggingar heimavista og skólastofa fyrir ABC skólann 42,0 m.kr.
- Sent til Kenýa vegna skólagöngu og framfærslu 350 barna auk neyðarhjálpar 20,7 m.kr.
- Sent til Líberíu vegna byggingarframkvæmda, kaupa á bíl, vegalagningar og annarra framkvæmda 11,8 m.kr.

- Sent til Norrænu barnahjálparinnar vegna skólagöngu 612 barna á Filippseyjum 9,6 m.kr.
- Sent til Comforter Ministries vegna vegna framfærslu og menntunar 200 barna á El Shaddai barnaheimilinu og athvarfi fyrir götubörn sem sett var á fót í Chennai á Indlandi 7,7 m.kr.
- Sent til Mission of Mercy vegna skólagöngu og framfærslu 70 barna á Indlandi, Kambódíu og Bangladesh 1,5 m.kr.
- Sent til Senegal vegna undirbúnings starfs ABC og hjálp við 60 götubörn 0,3 m.kr.

Stjórn ABC barnahjálpar staðfestir hér með ársreikning ársins 2007 með áritun sinni.

Reykjavík, / 2008

Í stjórn hjálparstarfsins:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar ABC barnahjálpar á Íslandi.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning ABC barnahjálpar á Íslandi fyrir árið 2007. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit og sundurliðanir.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2007, efnahag þess 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, / 2008.

KPMG hf.

Rekstrarreikningur ársins 2007

	2007	2006
Rekstrartekjur:		
Gjafir og áheit	161.647.300	113.677.291
Söfnunarfé: Börn hjálpa börnum og aðrar safnanir	38.322.185	21.830.457
Vörusala	1.774.015	1.710.578
Aðrar tekjur	21.879.619	15.201.479
	223.623.119	152.419.805
Rekstrargjöld:		
Hjálparstarf erlendis	207.534.007	135.287.671
Kostnaðarverð seldra vara	1.063.099	1.226.304
Laun og launatengd gjöld	2.413.090	7.895.325
Annar rekstrarkostnaður	7.418.276	8.238.466
	218.428.472	152.647.766
Rekstrarhagnaður (tap) án fjármunatekna og fjármagnsgjalda	5.194.647	(227.961)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):		
Vaxtatekjur og gengismunur	1.326.845	644.380
Vaxtagjöld	(7.519)	(19.361)
Fjármagnstekjuskattur	(132.656)	(64.424)
	1.186.670	560.595
Hagnaður ársins	6.381.317	332.634

Efnahagsreikningur

Eignir

	2007	2006
Fastafjármunir:		
ABC barnahjálpar International, stofnframlag	230.000	0
Fastafjármunir	<u>230.000</u>	<u>0</u>
Veltufjármunir:		
Vörubirgðir	323.500	363.280
Viðskiptakröfur	362.166	930.407
Óbundnar bankainnstæður	9.653.257	5.053.475
Veltufjármunir	<u>10.338.923</u>	<u>6.347.162</u>
Eignir samtals	<u><u>10.568.923</u></u>	<u><u>6.347.162</u></u>

31. desember 2007

Eigið fé og skuldir

	2007	2006
Eigið fé:		
Óráðstafað eigið fé	10.415.852	4.034.535
Eigið fé samtals	<u>10.415.852</u>	<u>4.034.535</u>
Skammtímaskuldir:		
Viðskiptaskuldir	0	1.692.563
Ógreidd laun og launatengd gjöld	18.747	486.500
Ógreiddur virðisaukaskattur	134.325	133.564
Skuldir samtals	<u>153.071</u>	<u>2.312.627</u>
Eigið fé og skuldir samtals	<u><u>10.568.923</u></u>	<u><u>6.347.162</u></u>

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2007

	2007	2006
Rekstrarhreyfingar:		
Hagnaður ársins	6.381.317	332.634
Veltufé frá rekstri	6.381.317	332.634
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:		
Vörubirgðir, lækkun (hækkun)	39.780 (235.034)
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)	568.241 (226.789)
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun	(2.159.556)	1.728.692
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	(1.551.535)	(2.190.515)
Handbært fé frá rekstri	4.829.782	2.523.149
 Fjárfestingarhreyfingar:		
ABC barnahjálpar International, stofnframlag	(230.000)	0
Fjárfestingarhreyfingar	(230.000)	0
Hækkun á handbæru fé	4.599.782	2.523.149
Handbært fé í ársbyrjun	5.053.475	2.530.326
Handbært fé í árslok	9.653.257	5.053.475

Sundurliðanir

	2007	2006
Aðrar tekjur:		
Framlög í rekstrarsjóð	9.879.619	11.201.479
Opinberir styrkir	12.000.000	4.000.000
	21.879.619	15.201.479
Hjálparstarf erlendis:		
Greitt til ABC barnahjálpar International samanber eftirfarandi:		
Til barnahjálpar á Filippseyjum	9.575.274	9.687.632
Til barnahjálpar í Úganda	41.976.317	31.103.046
Til Heimilis litlu ljósanna á Indlandi	67.315.966	44.172.159
Til barnahjálpar Mission of Mercy	1.497.082	2.687.700
Til barnahjálpar Comforter Ministries á Indlandi	7.738.024	10.860.007
Til barnahjálpar í Pakistan	46.574.367	28.956.170
Til barnahjálpar í Kenýa	18.679.518	1.685.960
Til barnahjálpar í Líberíu	11.775.327	4.690.280
Til barnahjálpar Senegal	284.920	0
Til ABC barnahjálpar International, óráðstafað	112.690	0
Greitt til ABC barnahjálpar International	205.529.485	133.842.954
Til barnahjálpar Kenía, laun og útlagður kostnaður	2.004.522	1.444.717
	207.534.007	135.287.671
Kostnaðarverð seldra vara:		
Vörukaup	1.023.319	991.270
Birgðir 1.1.2007	363.280	598.314
Birgðir 31.12.2007	(323.500)	(363.280)
	1.063.099	1.226.304
Laun og launatengd gjöld:		
Laun	3.721.015	7.721.128
Tryggingagjald	214.107	478.355
Lífeyrissjóður	288.427	540.484
Sjúkra- og orlofssjóður	52.096	108.094
Starfsmannatryggingar	11.967	5.524
Laun og launatengd gjöld vegna Kenýa	(1.874.522)	(958.260)
	2.413.090	7.895.325
Annar rekstrarkostnaður:		
Tölvukerfi; forritun og annar tölvukostnaður	2.362.421	3.548.363
Gjaldfærð tölvukaup	0	410.918
Rekstur skrifstofu	26.195	280.780
Burðargjöld	1.260.598	1.381.278
Pappír, prentun og ritföng	336.500	444.796
Símakostnaður	200.342	192.874
Þóknun vegna greiðslukorta og þjónustugjöld	2.687.230	1.399.244
Kostnaður við safnanir	420.152	463.955
Ýmis gjöld	124.838	116.258
	7.418.276	8.238.466

Sundurliðanir

	2007	2006
Óráðstafað eigið fé:		
Yfirfært frá fyrra ári	4.034.535	3.701.901
Hagnaður ársins	6.381.317	332.634
	<u>10.415.852</u>	<u>4.034.535</u>